

Fimmtudaginn 2. júní 1988.

Nr. 32/1987. **Garðar Alfónsson**

(Eiríkur Tómasson hrl.)

gegn

dómsmálaráðherra og

fjármálaráðherra

f.h. ríkissjóðs

(Gunnlaugur Claessen hrl.)

Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi. Skaðabótamál. XVIII. kafli laga nr. 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari, Sigurður Lindal prófessor og Sigurður Reynir Pétursson hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. janúar 1987. Gerir hann þær dómkröfur, að stefndu verði dæmdir til þess að greiða honum skaðabætur að fjárhæð 500.000,00 krónur með 35% ársvöxtum frá 27. október 1980 til 1. júní 1981, 34% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 15% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1984, 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí 1985, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 10. desember 1985, 45% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1987, 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1987, 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1987, 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1987, 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1987, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október 1987, 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1987, 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1987, 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1988,

51,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1988, 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí 1988 og 44,4% ársvöxtum frá þeim degi til 13. maí 1988, en síðan með ársvöxtum samkvæmt 1. mgr. 10. gr., sbr. 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en áfrýjandi telur sig eiga gjafsókn í héraði og fyrir Hæstarétti samkvæmt ákvæðum 3. tl. 154. gr. laga nr. 74/1974.

Stefndu krefjast þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þeir þess, að bótakrafa áfrýjanda verði verulega lækkuð en málskostnaður felldur niður.

Mál þetta höfðaði áfrýjandi á bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu þingfestri 12. desember 1985. Kveðst hann upphaflega hafa höfðað mál af sama tilefni í nóvember 1984, en hafið það í maí 1985 vegna vöntunar á gögnum. Í málinu hafa stefndu ekki hreyft þeirri mót báru, að krafa áfrýjanda um skaðabætur kunni að vera fyrnd.

Málið er höfðað vegna vistunar áfrýjanda á sjúkrahúsi á árinu 1980 og aðgerða, sem henni voru tengdar. Varðandi kröfu sína um skaðabætur vísar hann til XVIII. kafla laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, einkum 151. gr. Þegar umrædd atvik gerðust voru mál til sviptingar lögræðis látni sæta rannsókn og meðferð eftir þeim lögum, sbr. 4. tl. 2. gr. laganna. Samkvæmt þessu reisir áfrýjandi málssókn sína á ákvæðum XVIII. kafla laga nr. 74/1974 og hefur valið þá málssóknarleið, sem mælt er í 3. tl. 154. gr. laganna. Í þeim tölulið er svo á kveðið að ríkissaksóknara sé „stefnt fyrir hönd ríkisvaldsins til að gæta réttar þess ...“, en sú tilhögun er hliðstæð því sem verða mundi við kröfumeðferð samkvæmt 1. eða 2. tl. greinarinnar.

Í málinu hefur áfrýjandi stefnt dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs til ábyrgðar á ætluðum skaða sínum. Hinsvegar hefur hann ekki stefnt ríkissaksóknara, svo sem skýlaust er boðið í fyrirnefndu ákvæði laga nr. 74/1974. Þykir það ekki breyta gildi þessa lagaboðs gagnvart áfrýjanda, þótt mál til sviptingar lögræðis sæti nú annarri meðferð eftir gildistölu lögræðislaga nr. 68/1984. Verður þannig að telja eins og málið er vaxið, að nauðsyn hafi borið til að stefna ríkissaksóknara til fyrirvars. Vegna þessa annmarka á málatilbúnaði áfrýjanda verður ekki hjá því komist

að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Rétt þykir að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður. Samkvæmt fyrrnefndum 3. tl. 154. gr. laga nr. 74/1974 ber að veita gjafsókn í málum, sem höfðuð eru eftir þeim tölulíð. Þykir áfrýjandi eftir atvikum eiga að njóta þessara fyrirsmæla. Ber því að greiða áfrýjanda úr ríkissjóði kostnað hans af málflutningi í héraði, þar sem hann flutti mál sitt sjálfur. Áfrýjunarkostnaður málsins, þar með talin málflutningsþóknun talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Eiríks Tómassonar hæstaréttarlögmans, 60.000,00 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eru ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Áfrýjunarkostnaður málsins, þar með talin málflutningsþóknun talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Eiríks Tómassonar hæstaréttarlögmans, 60.000,00 krónur, svo og kostnaður áfrýjanda af málflutningi fyrir héraðsdómi, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. nóvember 1986.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. október sl., er höfðað af Garðari Alfonsyni, nnr. 2508-6740, Austurgerði 4, Kópavogi, með stefnu birtri 10. desember 1985 á hendur dómismálaráðherra Jóni Helgasyni f.h. dómismálaráðuneytisins, nnr. 1610-3683, Arnarhváli, Reykjavík, og fjármálaráðherra Þorsteini Pálssyni f.h. ríkissjóðs til greiðslu bóta að fjárhæð kr. 500.000,00 með 35% ársvöxtum frá 27. október 1980 til 1. júní 1981, en með 34% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, en með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, en með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., en með 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, en með 15% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., en með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, en með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí s.á.,

en með 22% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags 10. desember 1985, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá er gerð krafa til greiðslu málskostnaðar að mati réttarins.

Stefndu krefjast aðallega sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati réttarins, en til vara, að stefnukröfurnar verði lækkaðar og málskostnaður verði látinn niður falla.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Stefnandi kveður málavexti vera þá að hann hafi um langt árabil starfað hjá Tennis- og badmintonfélagi Reykjavíkur, bæði að trúnaðarstörfum fyrir félagið og svo sem fastur starfsmaður við þjálfun á badminton. Þá hafi hann haft aukavinnu við að strengja badmintonspæða. Þá hafi hann jafnframt verið landsliðsþjálfari í badminton.

Um kvöldið þann 26. október 1980 hafi Kjartan Magnússon skurðlæknir á Landakoti kallað á lögregluna í Kópavogi til að taka stefnanda í sínar vörslur. Lögreglan hafi neitað að aðhafast neitt frekar. Engar skýrslur séu til um þá heimsókn. Hafi Kjartan þá viljað fá stefnanda með sér upp á Borgarspítala, en stefnandi hafi neitað því, þar sem hann hafi verið farinn að fá grun um að reyna ætti að koma honum inn á geðsjúkrahús. Hafi þá stefnandi og Kjartan farið inn í hús Tennis- og badmintonfélags Reykjavíkur við Álfheima, og hafi stefnandi byrjað að vinna við að strengja badmintonspæða. Laust eftir miðnætti aðfararnótt 27. október 1980 hafi lögreglan í Reykjavík komið að beiðni Kjartans, og hafi eiginkona stefnanda, Elin Skarphéðinsdóttir, einnig verið komin á staðinn. Muni Kjartan hafa sagt lögreglumönnum þeim er á staðinn komu að stefnandi væri hættulegur sjálfum sér og öðrum og yrði að vistast á geðsjúkrahúsi til lækni meðferðar. Hafi stefnandi þá innt lögregluna eftir því hvort hann gæti neitað að fara með þeim, en þeir hafi sagt honum að svo væri ekki. Muni hafa verið reynt að koma honum inn á geðdeild Borgarspítalans, en vakthafandi læknir hafi neitað að taka við stefnanda eftir að hafa talað við hann í lögreglubílnum. Hafi stefnandi síðan verið færður niður á lögreglustöð og vistaður þar gegn vilja sínum þar til hann hafi verið færður í geðsjúkrahúsið að Kleppi daginn eftir. Þann 27. október 1980 hafi svo verið tekin fyrir sjálfræðissviptingarbeiðni að ósk eiginkonu stefnanda hjá sakadómi Kópavogs, sem byggst hafi á læknisvottorði Kjartans Magnússonar. Sakadómari hafi einnig tekið skýrslu af Elínu, eiginkonu stefnanda, en stefnandi hafi hvorki verið yfirheyrður né honum boðinn lögmaður til að gæta réttar sins. Á grundvelli endurrits úr sakadómsbók Kópavogs, læknisvottorðs Kjartans Magnússonar og lögregluskýrslu, hafi dómsmálaráðuneytið gefið út samþykki sitt fyrir vistun stefnanda á geðsjúkrahúsi

gegn vilja hans á grundvelli 1. sbr. 2. mgr. 31. gr. 1. nr. 95/1947, og hafi stefnandi síðan verið færður á geðsjúkrahúsið að Kleppi þar sem honum hafi verið haldið nauðugum í ½ mánuð. Stefnandi hafi aldrei samþykkt vistun sína og hafi ekki talið sig hafa haft þörf fyrir hana. Þá vilji stefnandi benda á að Kjartan Magnússon sé skurðlæknir og hafi hann enga sérþekkingu á geðrænum vandamálum, auk þess að vera ekki læknir stefnanda eða hafa haft hann í meðferð. Ekkert komi fram í lögregluskýrslu um nauðsyn vistunar og heldur ekki að stefnandi hafi valdið þeim neinum erfiðleikum, heldur komi þar einungis fram að afskipti lögreglunnar af stefnanda komi eingöngu til vegna beiðni Kjartans Magnússonar. Þá komi einungis fram í endurriti sakadóms einhliða lýsing konu hans á ástandi hans. Ekki hafi verið aðhafst neitt meira í sjálfræðissviptingarmálinu, og eftir vistun sína hafi stefnandi þegar hafið sín fyrri störf að nýju. Stefnandi kveðst hafa verið í nokkru uppnámi um þetta leyti, sem hafi stafað af fyrirhugðum skilnaði sínum við konu sína, en ekki vegna andlegrar vanheilsu. Stefnandi hafi reynt að sætta sig við þessa ráðstöfun eftir að hann varð laus, vegna konu sinnar og sonar. Hins vegar hafi honum ekki tekist það þar sem honum finnst geðveikistimpillinn loka við sig. Stefnandi geti engan veginn sætt sig við að þessi ráðstöfun hafi verið lögmæt af hálfu stefnda dómsmálaráðuneytisins skv. þeim gögnum sem það hafi haft undir höndum. Stefnandi hafi hvorki fyrir eða eftir þennan atburð verið vistaður á geðsjúkrahúsi.

Kröfu sína um bætur að fjárhæð kr. 500.000,00 byggji stefnandi á því að þessi vistun hans á geðsjúkrahúsi hafi verið ólögmæt og óþörf. Hafi vistun hans bakað honum hugarangur auk frelsisskerðingar í rúman ½ mánuð, fyrst með vistun í fangageymslu lögreglunnar en síðan með nauðungarvistun á Kleppi. Eftir að hann kom til vinnu sinnar á ný hafi honum verið tekið með varúð af samstarfsfólki svo og þeim er hann þjálfaði. Þá hafi stefnanda borist til eyrna að hann væri talinn geðveikur, og telji hann að þessi vistun hafi fylgt sér æ síðan. Þá telji hann að vistun hans á Kleppi og jafnframt vitneskja samstarfsmanna hans um hana hafi dregið úr frama hans hjá Tennis- og badmintonfélagi Reykjavíkur, m.a. þar sem honum sé tekið með fyrirvara af þeim síðan þetta varð.

Lagarök stefnanda eru þau að stefnda dómsmálaráðuneyti hafi brostið lagaskilyrði til að ákvarða frelsissviptingu og vistun á geðsjúkrahúsi. 1. mgr. sbr. 2. mgr. 31. gr. 1. nr. 95/1947 beri að beita með ítrustu varúð, og beri þau gögn sem ákvörðun dómsmálaráðuneytisins byggðust á ekki með sér nauðsyn þeirrar bráðabirgðavistunar, svo sem gert hafi verið í greindu tilviki. Þá bendi stefnandi enn fremur á 3. mgr. 31. gr. 1. nr. 95/1947. Varðandi bótakröfu bendi stefnandi á XVIII. kafla 1. nr. 74/1974, sérstaklega 1. sbr. 2. tl. 151. gr. þeirra laga.

Telji stefnandi að stefndi hafi orðið að kalla til lækni sem annaðhvort hafi haft til að bera sérþekkingu á geðrænum vandamálum eða þá lækni sem þekkti vel til stefnanda, svo sem heimilislæknir hans myndi gera. Telji stefnandi það brjóta í bága við þá varúð sem stefnda sé nauðsyn að sýna við framkvæmd á bráðabirgðavistun og 31. gr. 1. nr. 95/1947 ætlist til með því að nefna embættislækni.

Stefndu kveða málsatvik hafa verið á þá leið að lögreglan hafi verið kvödd að húsi Tennis- og badmintonfélags Reykjavíkur að beiðni Kjartans Magnússonar læknis sem sé heimilisvinur stefnanda og eiginkonu hans. Kjartan hafi tjáð lögreglumönnum að stefnandi hefði um skeið átt við vanheilsu að stríða og að hann væri eins og á stæði hættulegur sjálfum sér og sínum nánustu og enga bið þyldi að koma honum í lækni meðferð. Jafnframt hafi lögreglumönnum verið afhent skjal þar sem fram hafi komið að fyrirhugað væri þegar næsta dag að fá því til leiðar komið að hann yrði sviptur sjálfræði og koma honum hið skjótasta til lækni meðferðar á Kleppi.

Eiginkona stefnanda hafi verið á staðnum og hafi hún tekið undir framburð Kjartans, og hafi hún samþykkt fyrir sitt leyti ráðstafanir hans. Hafi hún hvorki talið sér sjálfri né öðru heimilisfólki óhætt, en heimilísastandið síðustu daga hefði margsannað það.

Lögreglan hafi reynt að koma stefnanda inn á geðdeild Borgarspítalans en án árangurs. Hafi því verið farið með stefnanda á lögreglustöðina og er þangað kom hafi stefnandi fallist á að dvelja þar. Kl. 11:00 næsta morgun hafi beiðni eiginkonu stefnanda um að stefnandi yrði sviptur sjálfræði verið tekin fyrir í sakadómi Kópavogs. Hafi eiginkona stefnanda getið þess m.a. að eiginmaður hennar þurfi stöðugt skjaldkirtilslyf í kjölfar aðgerða sem hann hafi undirgengist fyrir nokkrum árum og hafi hana grunað að ástand stefnanda kynni að stafa af því að hann hefði ekki tekið reglulega inn lyfið að undanfögnu, og að hún vissi ekki til þess, að stefnandi hefði borðað eða sofið undanfarna tvo til þrjá daga. Ennfremur komi þar fram, að Kjartan Magnússon læknir hafi vikuna á undan fylgst með ástandi stefnanda.

Eiginkona stefnanda hafi síðan snúið sér til dómsmálaráðuneytisins með beiðni um að ráðuneytið samþykkti, skv. 1. sbr. 2. mgr. 31. gr. löggræðis-laga nr. 95/1947, að stefnandi yrði vistaður á víðeigandi sjúkrahúsi. Með bréfi sama dag hafi ráðuneytið samþykkt vistunina, og hafi stefnandi verið færður af lögreglunni á Kleppsspítala.

Hafi stefnandi verið þar í 14 daga til meðferðar og síðan útskrifaður. Aldrei hafi komið til þess að stefnandi yrði sjálfræðissviptur með dómi, enda hafi ekki komið fram af hans hálfu, eftir að hann var kominn undir læknishendur, ósk um að sjálfræðissviptingarmálið yrði tekið til frekari

meðferðar. Í ljósi þess fáið ekki séð að stefnandi hafi eftir að hann komst í meðferð verið gegn vilja sínum á spítalanum þann tíma sem hann dvaldi þar, þó upphaflega hafi þurft að neyta réttarræða til að koma honum undir læknishendur til meðferðar.

Ráðuneytið hafi tekið ákvörðun sína að réttum lögum og á grundvelli fullnægjandi gagna, þ.e. læknisvottorði frá þar til bærum aðila, sem hafi borið með sér að stefnandi væri akut geðveikur og að hann væri hættulegur sér og umhverfi sínu og ekki fær um að gera sér grein fyrir ástandi sínu og á grundvelli upplýsinga á dskj. nr. 4 um að beiðni um sjálfræðissviptingu hans hefði verið tekin til meðferðar og þeirra upplýsinga, er þar komi fram. Ósannað sé af hálfu stefnanda að ekki hafi verið þörf þessara aðgerða eða þeirrar lækni meðferðar, er hann hlaut.

Ekkert hafi verið ólöglegt við þessa ákvörðun og bresti því alfarið bótaskilyrði í máli þessu.

III.

Vistun stefnanda á geðsjúkrahúsi var heimiluð með vísan til 1. sbr. 2. mgr. 31. gr. lögræðis laga nr. 95/1947, sem þá voru í gildi, en ákvæði þessi eru svohljóðandi: „Fyrirskipun eða samþykki dómsmálaráðuneytisins þarf til þess að maður eldri en 16 ára, verði án samþykkis síns vistaður í sjúkrahúsi eða á heilsuhæli sökum fávitaskapar, geðveiki, ofnautnar áfengis eða deyfilyfja eða vegna fyrirmæla í heilbrigðis löggjöfinni, enda hafi viðkomandi áður verið sviptur sjálfræði.

Framangreind ákvæði eru ekki því til fyrirstöðu að unnt sé að hefta frelsi manna til bráðabirgða þegar nauðsyn krefur að þeir séu vistaðir í sjúkrahúsi eða á öðrum svipuðum stað, sem til þess er hæfur að dómi embættislæknis, til rannsóknar eða einangrunar vegna sjúkdóms, sem hættulegur getur talist sjálfum þeim eða öðrum. Koma hér til greina farsóttir og aðrar næmar sóttir, geðveiki, nautn eiturfylfja og ölvun sem valdið hefur því, að hlutaðeigandi hefur verið tekinn í umsjá löggæslumanna. Aldrei má þó án samþykkis hlutaðeigandi eða krafa sé gerð til dómara um sviptingu sjálfræðis hans, hefta frelsi manna tveimur sólarhringum lengur fyrir þessar sakir, nema í hlut eigi sjúklingur með bráða og hættulega farsótt, en honum er skylt að hlíta einangrun, á meðan hann er haldinn veikinni og sótthætta stafar af honum að dómi embættislæknis.“

Af hálfu stefnanda er því haldið fram að framangreind skilyrði 2. mgr. 31. gr. hafi brostið er hann var vistaður á geðsjúkrahúsi í umrætt sinn.

Þegar ákvörðun dómsmálaráðuneytisins skv. dskj. nr. 7 var tekin, lá fyrir að krafa hafði verið gerð fyrir sakadómi Kópavogs um sjálfræðissviptingu stefnanda sbr. dskj. nr. 4. Ennfremur er óumdeilt að til grundvallar þeirri ákvörðun lá vottorð Kjartans Magnússonar læknis, dags. 27. október 1984,

sbr. dskj. nr. 5, en þar segir að stefnandi hafi orðið akut geðveikur og sé sjálfum sér og öðrum hættulegur.

Samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 31. gr. 1. nr. 95/1947 er ekki gerð krafa til þess að kalla þurfi til sérfræðing í geðsjúkdómum eða heimilislækni viðkomandi áður en veitt er leyfi til bráðabirgða frelsissviptingar eins og stefnandi heldur fram. Þá vísar ákvæði laganna um embættislækni einungis til vistunarstaðar þegar viðkomandi er vistaður utan sjúkrahúss.

Læknisvottorð Kjartans Magnússonar ber með sér að „akut“ hættuástand hafi skapast hjá stefnanda. Læknirinn hefur ennfremur komið fyrir dóm og staðfest vottorð sitt. Læknisvottorði þessu hefur ekki verið hnekkð eða á neinn hátt gert líklegt að það hafi verið byggt á röngum forsendum. Þá styður síðari læknisrannsókn, eftir að stefnandi var kominn inn á geðsjúkrahús, það að stefnandi hafi verið haldinn bráðageðveiki í umrætt sinn og að nauðsyn hafi borið til að vista hann á geðsjúkrahúsi sbr. dskj. nr. 18 og dskj. nr. 20, en á dskj. nr. 20 kemur ennfremur fram að ekki hafi verið unnt að meta á skemmri tíma en stefnandi dvaldi á sjúkrahúsinu hvort hættuástand væri liðið hjá, en rannsókn hafi ekki verið lokið er hann útskrifaðist.

Verður því skv. framsögðu að telja að fullnægjandi gögn skv. ákvæðum 31. gr. 1. nr. 95/1947 hafi verið til staðar er heimild var veitt af hálfu dómsmálaráðuneytisins til að vista stefnanda á geðsjúkrahúsi, og ber því að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu dómsmálaráðherra f.h. dómsmálaráðuneytisins og fjármálaráðherra f.h. fjármálaráðuneytisins skulu vera sýknir af öllum kröfum stefnanda Garðars Alfonssonar í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.